

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjald í þéttbýli í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 198/2008.

1. gr.

6. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

6. gr.

#### *Útreikningur gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjald er ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar fermetra í vísitöluhúsi eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987 um vísitölu byggingarkostnaðar.

Sýni deiliskipulag að nýtingarhlutfall lóðar megi vera á ákveðnu bili, þ.e. að gefið sé upp lágmarks- og hámarksnýtingarhlutfall, þá skal meðaltal lágmarks- og hámarksnýtingarhlutfalls lagt til grundvallar við útreikning á gatnagerðargjaldinu.

Gatnagerðargjaldið reiknast skv. eftirfarandi töflu:

<i>Notkun/húsgerð</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>kr./m<sup>2</sup></i>
1. Einbýlishús	14,5%	30.852
2. Par-, rað-, tvíbýlis og keðjuhús,	11,5%	24.468
3. Fjölbýlishús	7,5%	15.958
4. Verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhús	7%	14.894
5. Iðnaðar-, geymslu- og annað atvinnuhúsnæði	7%	14.894
6. Aðrar byggingar	7%	14.894

2. gr.

#### *Gildistaka.*

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar skv. heimild í 12. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

Samþykktin öðlast gildi þegar í stað.

*Selfossi, 17. janúar 2018.*

**Ásta Stefánsdóttir,**  
framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar.